



VIÐSKIPTAFRÆÐI

BSc-NÁM



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST



Viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík er fjölbreytt, krefjandi og hagnýtt nám sem opnar þér dyr að margvíslegum starfstækifærum og framhaldsnámi.

Námið samanstendur af kjarna, vali og BSc-verkefni. Á fyrstu tveimur árunum er sköpuð traust undirstaða í lykilþáttum viðskipta, s.s. reikningshaldi, fjármálum, stærðfræði, hagfræði, tölfræði, stjórnun og markaðsfræði. BSc-nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík er fræðilegt nám með hagnýtri nálgun.

- Hagnýtt verkefni eru unnin á námstímanum og gefa þau viðskiptafræðinámi við HR ákveðna sérstöðu.
- Á hverju ári koma 50-80 gestafyrirlesarar úr atvinnulífinu að kennslu í BSc-náminu í viðskiptafræði HR.

SÉRSTAÐA VIÐSKIPTAFRÆÐINÁMS VIÐ HR:

ÚRVALSNEMENDUR

Í námið eru valdir góðir námsmenn með skýr markmið í lífinu og mikla samskiptaferni. Sterkur nemendahópur hjálpar okkur að tryggja skilvirkt nám, enda lýkur stór hluti nemenda 30 ECTS einingum á hverri önn og meirihluti nemenda útskrifast á réttum tíma.

FRAMÚRSKARANDI KENNARAR

Við val á kennurum leggur viðskiptadeild HR áherslu á framúrskarandi fræðilega þekkingu, góða kennsluhæfileika og fjölbætta reynslu úr atvinnulífinu. Rannsóknir, kennsla og tengsl við atvinnulífið eru grunnurinn að frammistöðumati kennara.

MARKVISS ÞJÁLFUN

Markmiðið er að útskrifaðir nemendur séu gerendur, greinendur og gagnrýnendur. Þessu markmiði er náð með jafnvægi á milli hagnýtra og fræðilegra verkefna í náminu.

STERK TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Mikil áhersla er lögð á góð tengsl við atvinnulífið og koma þau meðal annars fram í fjölda gestafyrirlesara og hagnýtra verkefna.

Námið veitir samkeppnishæfa viðskiptamenntun þar sem alþjóðleg nemendaskipti, samskipti við erlenda háskóla og námskeið kennd á ensku undirbúa nemendur fyrir störf í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Á þriðja ári gefst nemendum kostur á fjölda valnámskeiða í samræmi við áhugasvið. Lokaverkefnið er rannsóknarverkefni eða fyrirtækjaverkefni sem tveir nemendur vinna saman og er lögð áhersla á að prófa og þjálfa faglega hæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur geta tekið valnámskeið á sviði fjármála og hagfræði, reikningshalds og endurskoðunar, stjórnunar og markaðsfræða, tungumála og alþjóðaviðskipta. Einnig geta nemendur tekið valnámskeið í öðrum deildum HR.

VIÐSKIPTAFRÆÐI TIL BSc-PRÓFS

3ja ára nám, 180 ECTS einingar



1. ÁR	HAUSTÖNN	VORÖNN
	Hagnýt stærðfræði I Fjárhagsbókhald Markaðsfræði Aðferðafræði Þjóðhagfræði	Rekstrarhagfræði I Rekstrargreining Hagnýt tölfraði I Stjórnun Nýsköpun og stofnun fyrirtækja
2. ÁR	HAUSTÖNN	VORÖNN
	Fjármál I Neytendahegðun og markaðssamskipti Alþjóðaviðskipti Hagnýt upplýsingakerfi Gerð og greining ársreikninga	Fjármál II Rekstrarhagfræði II Stefnumótun Rekstrarstjórnun Viðskiptalögfræði
3. ÁR	HAUSTÖNN	VORÖNN
	Hagnýt tölfraði II Mannauðsstjórnun Markaðs- og viðskiptarannsóknir Valnámskeið I Valnámskeið II	BSc-verkefni Viðskiptasiðfræði Valnámskeið III Valnámskeið IV

Sjá nánar um einstakar námsbrautir og námsgreinar í viðskiptafræði á www.hr.is/vidskiptadeild



„Mér finnst uppbygging viðskiptafræðinámsins í Háskólanum í Reykjavík vera besti mögulegi undirbúningur sem hægt er að fá áður en haldið er út á vinnumarkaðinn. Það var helsta ástæða þess að ég valdi að hefja nám í viðskiptafræði við HR.

Gott aðgengi að kennurum og fámennir bekkir gera námið persónulegt og veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í námskeiðum. Aðstaða nemenda og kennara skólans er einnig með besta móti. Mikið er um hópverkefni, sem ég tel að sé ein besta leiðin til að læra, þar sem nemendur verða að rökræða um aðferðafræði og koma sér saman um úrlausn verkefna. Verkefni eru gjarnan unnin í samstarfi við íslensk fyrirtæki sem taka einkar vel á móti nemendum skólans. Námið hefur staðið fyllilega undir væntingum mínum og gott betur en það.“

*Mikael Arnarson,
nemandi í BSc-námi í viðskiptafræði*

„Það eru margar ástæður fyrir því að ég valdi að stunda nám við Háskólann í Reykjavík. Ég taldi HR geta veitt mér forskot inn á atvinnumarkaðinn að námi loknu. Skólinn er í góðum tengslum við atvinnulífið og mikið er lagt upp úr hópastarfi sem ég tel vera góðan undirbúning fyrir starf að námi loknu. Skólinn er einnig í samstarfi við marga góða erlenda skóla og býður því upp á áhugaverða möguleika í skiptinámi. Síðast en ekki síst þá er kennslan persónuleg, maður týnist ekki í fjöldanum og á kost á að vera í góðu sambandi við kennara sína.“

*Agnes Ísleifsdóttir,
nemandi í BSc-námi í viðskiptafræði*

Nánari upplýsingar:



Guðrún Ragna Hreinsdóttir
Verkefnastjóri
bsnamvd@hr.is
Sími 599 6284